

Hjálmar Ragnar Agnarsson

Dagur í lífi nýútskrifaðs lyflæknis

Hvernig ég hætti að hafa áhyggjur og byrjaði að elska natríum

06:55 Fyrsta vekjaraklukkan hringir, snooze-a í svona 1-2 skipti, fer alfarið eftir hvernig yngsti fjölskyldumeðlimurinn svaf þá nóttina. Hversu margar tennur er hægt að taka?

07:50 Morgunverkum lokið, plana tómstundir.

Elsti, í 4. bekk, fer á tvær æfingar í dag, tvöfalt nesti með honum.

Miðjubarnið fer á leikskólann. Hvet hana til að vera óþæg og jafnvel bita, tekur það ekki í mál, hún er nokkuð viss um að ég sé að grínast.

Sá yngsti fær líklega leikskólapláss á sama tíma og nýi Landspítalinn opnar. Legg honum línurnar að sofa meira á næturnar, virðist meðtaka?

08:15 Skrið inn á 7. hæð á landspítalanum, rétt næ í endann á morgunfundinum. Kenni yfirleitt lyftunni um ef yfir-læknirinn sér mig. Sest inn á skrifstofu og fer yfir sjúklinga á mínu teymi.

09:00-10:45 Geng stofugang á sjúklinga mína, reyni að nýta námstækifæri ef ég er með einhverja sem nenna að hlusta. Þrugla um þvagræsimeðferð í svona 400. skipti á þessu ári, kannski hefur þessi tiltekni hópur ekki heyrt þessa ræðu?

Eftir 10:30 þá er athyglisgáfan farin að bresta, velti fyrir mér hvort ég hafi valið rétta sérgrein.

11:00 Post-stofugangs tékk með teyminu, læt mig hverfa upp á skrifstofu og fer þar yfir og undirrita læknaþréf eða pæli dýpra í flóknari sjúklingum teymisins, fletti upp hlutum sem ég átti að læra fyrir löngu, er alltaf verið að breyta þessum *hyponatremiu* algoritma?

12:00-13:00 Á einhverjum tímapunkti fer ég í hádegismat. Fæ mér „Hjammann“ ristaða beyglu með hnetusmjöri og sultu, máltíð sem ég fattaði alfarið upp á. Nokkrir sérnámslæknar eru farnir að herma eftir mér.

13:00-16:00 Dagvinna, útskriftarfundir, uppfæri *Power Ranking* lista yfir sérfræðinga í almennum lyflækningum sem ég kom upp á umbótatöfluna í vaktherberginu, set mig í þriðja sæti og passa að Hlynur skrifstofufélagi minn sé neðarlega á listanum, held hann hafi samt ekki tekið eftir þessum lista ennþá. Perlu fyrir svín.

Förum yfir teymið í lok dags, fer í rapport og ræði þar við kollega, kryfjum málefni líðandi stundar, bið kvöldvakt að fylgja eftir MMSE-prófi. Sting svo af því ég þarf að keyra á Skagann.

16:30 Ég að rúlla inn á Akranesið, ég vinn hér 25%, og tek nokkrar bakvaktir í mánuði. Fékk símtal á leiðinni frá yfir-lækninum um sjúkling sem ég þarf að endurmeta á kvöldvaktinni.

Hitti Valgeir, sem er ekki sérnámsgrunnslæknir en ekki sérnámslæknir (Læknir, *not otherwise specified* F89.9), sem er á forvaktinni. Hann ætlar að verða barnalæknir, spyr hann hvað ungarbörn geti fengið margar tennur og hvaða skammta af Imovane maður ætti notast við í 15 mánaða drengjum. Hann ráðleggur mér alfarið frá því, auðvelt fyrir hann að segja.

19:00 Ég nýti tækifærið meðan ég er á Akranesi og borða máltíðir sem eru á bannlista heima, til dæmis kjötfarsbollur eða fiskibollur í dós. Það er lostæti.



Hjálmar Ragnar nýútskrifaður lyflæknir.

Að setjast niður með mat er eins og segull á símtöl þegar maður er á bakvakt, svara símtali frá forvaktinni, innlögn.

21:00 Búinn að heyra í konu og börnum, búinn að endurmeta sjúklinginn sem var batnandi á Furiximab. Fer kvöldgönguna um Skagann. Hefðin er sú að strunsa stóran hring um bæjarfélagið með hettuna á hausnum og hlusta á gott hlaðvarp, þykist ætla að hlusta á eitthvað læknisfræði-tenget en á endanum verður Steve Dagskrá fyrir valinu. Ég er með *resting bitch face* og lít því út fyrir að vera í fýlugöngu. Er að vona að ég sé kominn með eitthvað viðurnefni í bæjarfélaginu. Ég veit að í mínu heimahéraði, Vestmannaeyjum, væri löngu komið viðurnefni á mig fyrir svona hegðun. Einu sinni sá ég Óla Þórðar (þeir vita sem vita) hjóla heim til sín í hneháum snjó, það var líklega besta kvöld lífs míns, hann bauð mér góða kvöldið. Var svo hátt uppi eftir það að ég keypti mér tvo rafmagnsgítara á netinu það kvöld.

22:00-24:00 Hér tekur við chicken við símtólið um hvort ég þori að fara að sofa eða hvort ég eigi von á öðru símtali. Fæ símtal 23:50 nýsofnaður. Þrugla í símann eitthvað um þvagræsimeðferð.